



Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

2. árg. 1993 2.tbl.



Gróðrarstöðin á Hallormsstað.

Mynd: Mats Wibe Lund.

Gróðrarstöðin á Hallormsstað 90 ára

Mörgum finnst skógræktarstarfið hér á landi vera rétt í þann mund að slíta barnsskónum og eitt er víst að margt er ógert og margir rétt að byrja uppgræðslustörf á sínum heimaslóðum.

90 ára afmæli einnar elstu trjáplöntugróðrarstöðvar á Íslandi er verðug áminning um að við erum ekki alveg á byrjunarreit í skógrækt þrátt fyrir að við getum ekki borið okkur saman við nágrannaþjóðir okkar. Það finnst sem sagt öldungar á meðal okkar nýburanna og við megum ekki gleyma fenginni reynslu fyrri kynslóða eins og oft vill verða í þeim hraða nútíma sem við lifum og hrærumst í.

Gróðrarstöðin á Hallormsstað var stofnuð 1903, en þá um vorið var sáð ýmsum erlendum trjátegundum í íslenska jörð.

Ekki var útbúnaður mikill en sáð var beint í græðireitina án nokkurs skjóls eða upphitunar. Fljótlega var byrjað að strengja striga yfir sáðbeð og 1954 var byrjað að sá undir glerramma.

Fyrsta gróðurhúsið er byggt 1967 og hefst þá sáning innanhúss. Plönturnar voru fluttar úr sáðbeðum og dreifsettar í græðireitina, sem stækkuðu ört með aukinni framleiðslu stöðvarinnar. Græðireitirnir missa síðan hlutverk sitt þegar farið er að rækta plöntur í plastbökkum upp úr 1982.

Ýmiss konar tæki og útbúnaður sem þykir algjör nauðsyn við ræktun trjáplantna var ekki tekinn í notkun fyrr en áratugum eftir stofnun gróðrarstöðvarinnar. Má þar nefna að fyrsta dráttarvélin kemur á Hallormsstað 1956 sama ár og vatnsveitan.

Plöntuframleiðslan var fyrst í stað lítil, miðað við seinni tíma framleiðslu, en ekki síður mikilvæg, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

Í dag er árleg framleiðslugeta stöðvarinnar um 1,2 milljónir plantna, en á síðasta sumri voru afhentar úr stöðinni um 1 milljón skógarplantna.

Á árunum 1953-91 framleiddi gróðrarstöðin á Hallormsstað einnig

Tímabil	Fjöldi pl.	Fj.pl.á ári
1903-32	45.600	1.500
1933-52	601.000	30.000
1953-70	4.114.000	229.000
1971-89	3.097.000	163.000
1990-93	2.942.000	735.500
1903-93	10.800.000	120.000

garðplöntur í stórum stíl og var þá lengi vel eini garðplöntusalinn á Austurlandi.

Í haust var haldið upp á afmæli gróðrarstöðvarinnar með mikilli viðhöfn. Þar voru mættir gestir alls staðar af landinu og skal þar helstan nefna forseta Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttur.

Við hljótum öll að taka undir kveðju til öldungsins í íslenskri skógrækt og óska gróðrarstöðinni á Hallormsstað til hamingju með afmælið og megi hún lengi lifa!

SAMGUS - hvað er það?

SAMGUS er skammstöfufun fyrir samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga. Samtökin voru stofnuð fyrir tæpum tveimur árum. Á aðalfundi samtakanna í mars síðastliðnum voru starfandi 16 garðyrkjustjórar hjá sveitarfélögum sem hafa 1.000 íbúa eða fleiri.

Hjá Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ hafa verið starfandi garðyrkjustjórar og garðyrkjudeildir frá því á fimmta áratugnum. Í öðrum sveitarfélögum er embætti



Unglingar í vinnuskóla Kópavogs við gróðursetningu landgræðsluskóga.

Mynd: A.Sn.(S.Í.)

Nýr starfsmaður hjá S.Í.

Á liðnu sumri bættist við nýr starfsmaður hjá Skógræktarfélagi Íslands, Arnór Snorrason, skógfræðingur.

Arnór hefur síðustu sjö árin frá því að hann útskrifaðist frá Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi, starfað hjá Skógrækt ríkisins þar sem hann stóð að þróun skógræktarkortlagningar og -áætlanagerðar fyrir íslenskar aðstæður og stýrði áætlanadeild stofnunarinnar.

Með tilkomu Arnórs er mjög bætt úr brýnni þörf, en á síðustu árum hafa verkefni félagsins stóraukist m.a. með tilkomu Landgræðsluskóga, Yrkju o.fl. Á sama tíma hefur skógræktarfélögum fjölgað og aðild að þeim aukist. Þessi jákvæða þróun kallar á betri og markvissari þjónustu félagsins.

Verkefni Arnórs eru m.a. að gera skógræktaráætlanir fyrir svæði skógræktarfélaganna en þar eru stór verkefni óunnin. Víst er að þeim málum verður ekki kippt í liðinn í einni svipan en tilkoma nýs starfsmanns, sem hefur þekkingu og reynslu á því sviði, markar vonandi nýja tíma hvað þau mál varðar.

Lesendadálk í Laufblaðið?

Laufblaðið varpar þeirri spurningu til lesenda sinna hvort þeir hafi áhuga á að hafa lesendadálk í blaðinu.

Allt of lítið fer fyrir almennri umræðu um skógræktarmál og vill Laufblaðið bæta úr því. Lesendadálkur gæti verið vettvangur umræðu, fyrirspurna til sérfræðinga og birtingar sniðugra ábendinga.

garðyrkjustjóra yngra og víða stofnað á síðustu tveimur áratugum.

Viðfangsefni garðyrkju- og umhverfisstjóra eru svipuð, það er yfirumsjón með umhverfismálum í nánú samráði við yfirstjórn viðkomandi sveitarfélags.

Framkvæmdir og rekstur á útivistarsvæðum, stofnanalóðum sveitarfélaga, rekstur vinnuskóla, skólagarða og garðlanda eru hefðbundin verkefni garðyrkjustjórans og kalla á sérmenntun hans. Hann á einnig að sinna gerð fjárhagsáætlana, skipulagningu útivistarsvæða eða stjórna því hvernig að henni er staðið. Í aðalskipulagi hvers sveitarfélags er lagður grunnur að landnotkun og hvað áætlað er að nýta sem opin svæði til útivistar. Umhverfisvernd, s.s. náttúruvernd, ytri mengun, eftirlit með búfjárhaldi í þéttbýli og almenn umgengni eru vaxandi þættir í starfi garðyrkjustjóranna um land allt.

Skógrækt á vegum sveitarfélaga utan byggðar hefur aukist og er þá oftast um að ræða samvinnu við skógræktarfélag staðarins. Dæmi um tilvalin samstarfsverkefni eru útvegum lands til skógræktar, skipulagning og framkvæmd gróðursetningarferða skólanema og síðast en ekki síst undirbúningur, framkvæmd og eftirlit með landgræðsluskógrækt. Sveitarfélögin hafa komið inn í gróðursetningarstörfin í auknum mæli með unglingshópum frá vinnuskólum eða öðrum sumarvinnuhópum skólafólks.

Það ætti að vera öllum í hag að samstarf sveitarfélaga og skógræktarfélaga sé sem best og útivistarsvæðum almennings til heilla. Það hefur sýnt sig á liðnum árum að samhliða því að áhugi almennings hefur stóraukist á umhverfismálum, hafa sveitarstjórnir reynt að koma til móts við þann áhuga með auknum fjárfraðslögum úr sveitarsjóðum.

Með bestu kveðjum til allra skógræktarfélaga.

Stjórn SAMGUS.

Skiptiferð Skógræktarfélags Íslands til Noregs verður næsta sumar

Á næsta ári verður boðið upp á skiptiferð skógræktarfélaganna í Noregi og á Íslandi. Skiptiferðir þessar hófust 1949, fyrir tilstuðlan Torgeirs Anderssen Rysst, þá sendiherra Noregs, og hafa þær verið farnar á þriggja til fjögurra ára fresti. Íslenski hópurinn verður að þessu sinni að störfum á Hálogalandi, „Helgeland“ -héraði norðan Þrændalaga, í allt að tvær vikur og munu norsku gestgjafarnir gefa þátttakendum tækifæri til að kynna landi og þjóð en það hefur m.a. verið eitt af markmiðum með ferðunum.

Hálogaland er í marga staði áhugavert hérað vegna þess að þaðan höfum við sótt fjölda trjátégunda sem nú eru ræktaðar hér á landi, má þar t.d. nefna seljuna (*S. caprea*) og viðjuna (*S. borealis*) sem Hákon Bjarnason útvegaði á sínum tíma, auk þess álminn frá Beiam auk fleiri tegunda.

Íslenskar tækninýjungar í skógrækt

Það er hreint ótrúlegt hvað skógræktarmenn eru hugkvæmir við að finna upp á aðferðum og tækni til að létta sér störfin. Oft er tekið mið af þeim tækjum sem

fyrir eru, erlendri skógræktartækni og íslenskum aðstæðum sem geta verið æði misjafnar frá einum stað til annars.

Stauraborinn á Söndum í Dýrafirði

Sigurður Blöndal fyrrverandi skógræktarstjóri hefur oft haft á orði um áhugastarf skógræktarfólks að þar færu áhuga- og sjálfboðaliðarnir oft feti framur í ræktun og skógræktarstarfi heldur en almennt tíðkaðist. Áráði og dugur þessa fólks hefði jafnan komið á óvart og jafnvel það sem vísustu sérfræðingar hefðu talið ómögulegt hefði áður nefndur hópur staðfest með ræktun sinni og gert mögulegt.

Dæmi um þetta er m.a. að finna í landgræðsluskógaverkefninu á Söndum í Dýrafirði. Tækninýjungin er reyndar þekkt en stauraborinn hefur hér fengið nýtt hlutverk sem jarðvinnslu- og skógræktartæki, en hefur lengst af verið notað við girðingarvinnu.

Á þessu svæði hentar stauraborinn vel þar sem landið er tiltölulega flatt og frekar auðvelt að aka um á dráttarvél. Landið er jökulöldur þar sem gróðurþekjan er víða horfin, annars staðar er hún strjál. Veruleg hætta er á frostlyftingu. Stauraborinn er festur aftan á dráttarvél og borar 40-50 cm djúpar holur. Ummál borsins er allt að feti. Afköstin á góðu landi er á bilinu 100 holur á klst. Þrátt fyrir að afköstin séu ekki veruleg er tvennt sem vinnst með aðferðinni; í fyrsta lagi jarðvinnsla sem leiðir til minni hættu á frostlyftingu, auk þess loftun jarðvegs og betri vaxtarskilyrði plantna. Í öðru lagi er gróðursetningin sjálf auðveldari þar sem ekki þarf að grafa holur með handafli. Búfjáraður er settur í holuna en í honum er að finna áburðarefni auk örverulífs, jafnframt því sem áhrif á samsetningu jarðvegsins eru jákvæð. Benda má á að vafalaust getur staurabor hentað við önnur skilyrði og mættu skógræktarmenn hafa þessa aðferð í huga þegar



Kristján Gunnarsson borar og Sæmundur Þorvaldsson form. félagsins fylgist með.

Mynd: B.J.(S.Í.)

gróðursettar eru stærri plöntur í gróskumikið graslendi, en þar á þessi aðferð fyllilega rétt á sér.

Í upphafi Landgræðsluskógaverkefnisins var farið að nota stauraborinn á Söndum og sýndi sig þegar að bera góðan árangur. Forgöngu í því máli hafði þáverandi formaður Sigrún Guðmundsdóttir. Reynsla síðustu fjögurra ára sýnir, svo ekki verður um villst, að stauraborinn er tæki sem hentar mjög vel í Landgræðsluskógaverkefninu og skilar tilætluðum árangri, en það er aðalatriðið. Mættu margir fara að dæmi Dýrafirðinga og skoða þennan möguleika.



Óskar gróðursetur með tröllarörinu.

Mynd: J.G.P.(S.Í.)

Tröllarörið í Skagafirði

Myndin hér á vinstri hönd sýnir að íslenskir skógræktarmenn deyja ekki ráðalausir í þeirri viðleitni að gera sér verkin léttari.

Óskar Magnússon á Brekku í Skagafirði ræktar sjálfur sínar plöntur og hefur af því reynslu að planta stórum pottaplöntum. Til að gera starfið auðveldara lét hann smíða þetta plöntunarverkfæri, einhvers konar tröllagerð af finnska plönturörinu „Pottii-putkii“ sem er mjög vinsælt erlendis, ekki síst vegna þess að ekki þarf að beygja sig við útplöntun.

Óskar hefur plönturnar á vagni og lætur þær falla gegnum rörið á plöntunarstað. Síðan fjarlægir hann rörið og plantan situr vel skorðuð í holunni, eftir fallið. Með þessu verkfæri og verklagi sleppur Óskar alveg við að beygja sig. Nú mætti halda að erfitt væri að stinga rörinu niður og opna það en að sögn Óskars er það ótrúlega auðvelt, a.m.k. á Brekku en þar er jarðvegur þykkur og myldinn.

Aðalfundur á Húsavík

Árlegur aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Húsavík síðustu helgina í ágúst, dagana 27.-29. Tilefni þess að halda fundinn á Húsavík var 50 ára afmæli Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga, sem er eitt af rötgrönustu og öflugustu skógræktarfélagunum. Um 150 manns víðs vegar af landinu sóttu fundinn, en þar af voru 76 kjörgengir fulltrúar. Fundarhald var með nokkuð hefðbundnu sniði. Innri mál félagsins voru rædd, reikningar afgreiddir, og stjórnarkjör fór fram án breytinga á fyrri stjórn. Margir ágætis fyrirlestrar voru haldnir og bar þar hæst erindi Jens Ernst Niensens sérfræðings í skjólbeltarækt, sem flutti ákaflega fróðlegt og yfirgripsmikið erindi um skjólbeltarækt Dana. Síðdegis á föstudegi var farin skoðunarferð um nágrenni bæjarins þar sem þátttakendum gafst tækifæri til að skoða árangur Landgræðsluskógaverkefnisins, en þar hefur Húsgull, óformleg samtök bæjarbúa, staðið fyrir einstöku framtaki og í tilefni þess veitti Skógræktarfélag Íslands samtökunum sérstaka viðurkenningu, áletraða stálplötu sem fest er á grettistak mikið í jaðri eldri skógarteigs ofan bæjarins. Er það gert til að leggja áherslu á það fordæmi og grettistak sem Húsgull hefur lyft í uppræðslumálum á Húsavík.

Á laugardegi var farin skoðunarferð í Fossselsskóg

Sérfræðingur frá Danska Heiðafélaginu í heimsókn

Einn af skjólbeltasérfræðingum Danska Heiðafélagsins Jens Ernst Nielsen ferðaðist um Árnes- og Rangárvallasýslu í sept. s.l. í framhaldi af erindisflutningi á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Húsavík. Jens er vel kunnugur málefnum skóg- og skjólbeltaræktar hér á landi en þau mál hafa verið honum hugleikin frá því hann heimsótti landið í fyrsta skipti árið 1990 er hann vann sem sjálfboðaliði í Reykholti í skiptiferð norrænu skógræktarfélaganna. Ári síðar kom hann á eigin vegum og ferðaðist um landið og kynntist stöðu skjólbeltamála en þetta er í þriðja skiptið sem hann sækir okkur Íslendinga heim.



Runnafura (*P. pumila*) á Kamtsjatka.

Mynd. B.J.(S.Í.)



Frá vöru- og þjónustukynningu skógræktaraðila á aðalfundi S.Í.

Mynd: J.G.P.(S.Í.)

sem er stærsta samfellda skógræktarsvæði Skf. S.Þingeyinga, en skömmu fyrir aðalfundinn var vegur um skóginn endurnýjaður og bættur.

Á fundarstað gafst ýmsum framleiðendum og skógræktaraðilum tækifæri til að kynna vörur sínar og þjónustu. Þessi vöru- og starfskynning mæltist vel fyrir á fundinum enda var hún sérstaklega smekkleig og vel að henni staðið af þeim sem tóku þátt í henni.

Aðalfundinum lauk á sunnudegi og skógræktarmenn sneru hver til síns heima hlaðnir nýjum hugmyndum og staðráðnir í að takast á við verkefni næsta árs.

Ferðin var skipulögð með þeim hætti að þátttakendur, áhugamenn, bændur og stjórnsýslumenn fengu innsýn í árangur skjólbeltaræktar sem víða getur að líta á Suðurlandi. Skoðaður var árangur þar sem skilyrði eru erfið trjágróðri í ystu sveitum við ströndina og inn til landsins þar sem árangurinn er betri. Að loknum skoðunarferðum hélt Jens fyrirlestur um danska skjólbeltarækt og jafnframt voru reifaðir möguleikar í ljósi íslenskra aðstæðna og úrræði til aukinnar skjólbeltaræktar. Fyrirlesturinn í Árnessýslu sóttu um 40 bændur en öllu færri í Rangárþingi.

Söfnunarferð til Kamtsjatka

Óli Valur Hansson, fyrrverandi garðyrkjuráðunautur og Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, fóru í haust í fræsöfnunarleiðangur til Kamtsjatka á austurströnd Rússlands, en þangað hefur ekki verið farið gagnert áður þeirra erinda. Lengi hafa ræktunarmenn hér á landi haft áhuga á að skoða og reyna trjágróður og runna af þessu stóra svæði en eins og flestir kannast við hefur skaginn verið nánast lokaður Vesturlandabúum vegna hernaðarmikilvægis á dögum kalda stríðsins.

Þeim félögum tókst að ná sýnishornum af nær öllum trjategundum og runnum, sem vaxa á skaganum, en auk þess var einnig safnað háplöntum af ertublómaætt og grastegundum sem gætu vel komið að gagni við landgræðslu.

Meðal efnisins eru margar nýjar tegundir sem ekki hafa verið reyndar hér á landi áður og verður fróðlegt að fylgjast með hvernig þessum efniviði vegnar við íslenskar aðstæður.

Hagamúsinn er skógræktarmús!

Í sumar rakst „Laufblöðungur“ á sérkennilegt fyrirbæri ásamt sveitarstjóra og formanni Skf. Tálknafjarðar. Á sjötta áratugnum var hafist handa við myndarlega skógrækt á Tálknafirði sem blasir við ofan Sveinseyraroddans. Töluvert var gróðursett af birki, en innan við birkilundinn var síðar gróðursett sitkagreni eða sitkabastarður, þar sem er að vaxa upp stórvaxinn skógur. Landið utan gamla reitsins hefur verið friðað um nokkurt skeið enda er þar kafgresi mikið og á birkið ekki möguleika á að spíra við þessar aðstæður.

Einstaka viðja og víðibrúskar eru engu að síður að vaxa upp utan girðingar. Hvergi var að sjá birki og í gamla birkireitnum virðist það einna helst fjölga sér með stubbskotum.

Þar sem við gengum neðan til við girðinguna rákumst við engu að síður á smávaxnar sáðplöntur af birki. Greinilegt var að þar sem birkinu hafði tekist að spíra voru bæli hagamúsar. Virtist eins og krefs og umrót við bælið hefði skapað skilyrði fyrir birkifræið til að spíra, því hvergi annars staðar rákumst við á sjálfsánnar plöntur. Eina tvo eða þrjá staði rákumst við á með svipuðum ummerkjum og mátti telja allt að 5 smáplöntur á mismunandi aldursstigi á hverjum stað. Hæstu plönturnar hafa verið um 5 - 7 cm á hæð. Hvort þessar litlu plöntur ná að vaxa og verða að fallegum trjám verður tíminn einn að skera úr um. Hvergi hefur „Laufblöðungur“ áður rekist á ummerki af þessu tagi. Ekki er vitað til þess að samvinna þessara óskyldu lífvera sé algeng en væri ef til vill rannsóknarverð. Hvort hagamýsnar á Tálknafirði séu skógræktarlegar sinnaðar en gengur og gerist skal ósagt látið. Allavega er um mjög óvenjulega og smávaxna skógræktar-sjálfbodaliða að ræða.

Óneitanlega væri áhugavert að heyra frá lesendum Laufblaðsins hvort þeir hefðu rekist á svipuð dæmi.

Nýr starfsmaður hjá Skógrækt ríkisins

Ólafur Oddsson hefur verið ráðinn í nýtt starf hjá aðalskrifstofu S.r. á Egilsstöðum. Um er að ræða starf kynningarfulltrúa og mun hann sjá um upplýsingar og almannatengsl. Hann mun einnig hafa umsjón með styrk Skeljungs hf. til S.r. og skógræktarfélaganna og sjá um fræðslu- og útgáfumál.

Ólafur hefur unnið s.l. 9 ár hjá Rauða krossi Íslands og hafði þar með höndum svipuð verkefni.

Þess má geta að Ólafur er ekki alveg ókunnugur skógræktarstarfsemi. Faðir Ólafs, Oddur Andrésen frá Hálsi í Kjós, var ötull skógræktarmaður og starfaði m.a. sem skógarvörður á Vestfjörðum og var varaformaður Skf. Íslands um árabil.

Við bjóðum öll Ólaf velkominn til starfa.

Þakkið fyrir stuðninginn!

Þýska **bjórframleiðslufyrirtækið** Becks hefur verið einn dyggasti erlendi stuðningsaðili Landgræðsluskóga frá upphafi. Fyrirtækið hefur á undanfórnum þrem árum stutt Landgræðsluskóga með framlagi sem nemur um 2 millj. króna. Í tilefni þessa hefur m.a. verið komið upp sérstökum skógræktarreit við Ölfusvatn. Vonandi eiga fleiri erlend fyrirtæki eftir að bætast í hópinn í framtíðinni.

Íslandsbanki hefur verið virkasta fyrirtækið sem hefur stutt Landgræðsluskóga. Starfsmenn í öllum útibúum hafa á hverju ári tekið þátt í gróðursetningu landgræðsluskóga á svokölluðum skógardegi bankans. Lætur nærri að starfsmenn bankans hafi sett niður hátt í 100.000 plöntur. Bankinn hefur einnig stutt fjárhagslega við Landgræðsluskóga með þeim hætti að fyrir hvern nýbura sem fæðist hér á landi afhendir Íslandsbanki Landgræðsluskógum andvirði fjögurra plantna. Í ár nemur þetta framlag um 400 þúsundum króna.

Stiklað um þjóðgarða í Bandaríkjunum

Kvöldstund eina í byrjun vetrar hélt Þóroddur F.

Þóroddsson framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs fróðlegt erindi um heimsókn sína í nokkra þjóðgarða í Bandaríkjunum s.l. haust, en ferðin var í boði Menningarstofnunar Bandaríkjanna.

Þóroddur sagði frá mörgu áhugaverðu sem bar fyrir sjónir enda eru þjóðgarðar þar vestra greinilega til mikillar fyrirmyndar og vafalaust um margt hægt að leita í smiðju þeirra varðandi rekstur og uppbyggingu þjóðgarða.

Það sem vakti sérstaka athygli umfram margt annað í erindi Þórodds var hve upplýsingar, fræðslustarf og aðgengi garðanna er til mikillar fyrirmyndar.

Á þessu sviði geta skógræktarmenn mikið lært og tekið til eftirbreytni. Í fyrsta lagi virðist mikil áhersla vera lögð á stíga og vegi til að opna náttúruperlurnar. Eru þeir fjölbreyttir að gerð all eftir þeim áherslum og tilgangi sem þeir eiga að þjóna. Sums staðar eru stígar lagðir úr timbri þar sem æskilegt er talið að hlífa þurfi gróðri, en á öðrum stöðum eru þeir jafnvel malbikaðir. Í annan stað er mikil áhersla lögð á að upplýsa fólk, sem leið á um stíga eða vegi, með skiltum og veggspjöldum. Upplýsingar eru myndrænar og lýsandi og gefa þannig gestum innsýn í náttúru landsins. Þá er einnig bæklingagerð og leiðsögn þjóðgarðsvarða snar þáttur í fræðslu þjóðgarðanna. Hér á landi erum við eiginlega á byrjunarstigi í þeim málum að opna skógræktarreitina okkar. Tvö stærstu skógræktarfélögin, Skf. Reykjavíkur og Skf. Eyfirðinga, hafa verið brautryðjendur á þessu sviði hvort á sínu svæði, þ.e.a.s. í Heiðmörk og í Kjarnaskógi. Mörg önnur skógræktarfélög eru þegar farin að huga að þessum mikilvæga þætti skógræktarinnar og sömu sögu má segja um Skógrækt ríkisins.

Það er fróðlegt að sjá hvað Bandaríkjamenn leggja mikla áherslu á þessi atriði og leysa þau af natni og smekkvísi. Fyrir þá sem hafa frekari áhuga er bent á að hafa samband við Þórodd í Náttúruverndarráði en hann kom með fangið fullt af upplýsingum og kynningarefni sem að hans sögn er velkomið að skoða.

Jólatrjáaavertíðin í algleymingi

Um þessar mundir eru skógræktarmenn víða um land að höggva jólatré í gríð og erg. Nóvember og byrjun desembers er því mesti annatími skógræktarmanna yfir vetrarmánuðina.

Skv. þeim upplýsingum sem Laufblaðið hefur aflað, verður jólatrjáahöggvið í ár svipað og í fyrra. Aftaka kalt sumar á Norður- og Austurlandi virðist ekki ætla að koma að sök þar sem grenið tók góðan lit í hlýindunum í haust.

Hjá Skógrækt ríkisins er eins og undanfarin ár mest höggvið í Skorradal. Þar verða felld um 5.500 tré. Á Hreðavatni er búið að fella um 350 tré en á Vöglum um 1.200 tré. Á Hallormsstað verður lítilsháttar aukning þar sem ekki verða seld að þessu sinni erlend tré. Suðurlandsdeild S.r. heggur tæp 1.000 tré. Samtals eru þetta um 8.000 jólatré.

Mörg skógræktarfélag höggva jólatré og hafa sum þeirra af því dágóðar tekjur. Þar er helst að nefna Skf. S.Þingeyinga sem heggur um 700 tré úr Fossels- og



Fellsskógi. Samtals eru höggvin hjá skógræktarfélagunum um 2.000 jólatré.

Á höfuðborgarsvæðinu eru Skf. Mosfellsbæjar og Reykjavíkur með smásölu á jólatrjám en stærsti söluaðili á íslenskum jólatrjám er Landgræðslusjóður sem selur 3.000-4.000 íslensk jólatré um hver jól.

Að sjálfsögðu segjum við: íslenskt já takk!

Skeljungur hf. styrkir skógræktarfélagin

Eins og flestum skógræktarmönnum er kunnugt hafa Skógrækt ríkisins og Skeljungur hf. hafið samstarf sem felst í því að Skeljungur styrkir Skógrækt ríkisins með fjárframlögum sem tengd eru sölu fyrirtækisins og verða á þessu ári 8 millj. króna. Styrknum er varið til sérstakra verkefna.

Á aðalfundi S.Í. á Húsavík tilkynntu skógræktarstjóri, Jón Loftsson, og forstjóri Skeljungs, Kristinn Björnsson, að hluta framlagsins skyldi varið til að styrkja starf skógræktarfélaganna í landinu.

Styrkurinn er að sjálfsögðu kærkominn stuðningur við starf áhugamannasamtaka sem eiga litla eða enga sjóði til að láta drauma sína rætast, ekki síst þegar að steðja erfiðir tímar í þjóðfélaginu.

Við hljótum öll að þakka Skeljungu og Skógrækt ríkisins kærlega fyrir að veita skógræktarfélagunum slíkan stuðning í orði og á borði.

Fjöldi félagsmanna	Styrkur í krónum
Færri en 200	30.000
200 - 500	30.000 - 75.000
500 - 1000	75.000 - 150.000

Framlagið er bundið við fjölda félagsmanna að vissu lágmarki eins og taflan hér fyrir ofan sýnir en heildarframlagið fyrir 1993 verður 2 millj. kr.

Nýlega sendi skógræktarstjóri öllum formönnum skógræktarféлага bréf þar sem útskýrt er hvernig staðið verður að greiðslu styrksins. Bréfinu fylgdi umsóknareyðublað fyrir styrkinn. Við hvetjum skógræktarfélagin til að sækja um þegar í stað og ef einhverjar spurningar vakna um verkefnið, verið ófheimin að afla upplýsinga.

Kynningarfulltrúi Skógræktar ríkisins, Ólafur Oddsson, mun hafa umsjón með Skeljungsstyrkjum og skal leita til hans um afgreiðslu þeirra og nánari upplýsingar.

Skógræktarnám hafið við Menntaskólann á Egilsstöðum

Í haust var byrjað að kenna skógrækt sem sérstaka námsbraut við Menntaskólann á Egilsstöðum. Er þetta í fyrsta sinn, frá því að Skógarskóli Hákonar Bjarnasonar starfaði, að skógrækt er kennd í sérstakri námsbraut hér á landi. Garðyrkjuskóli ríkisins og bændaskólarnir hafa boðið upp á skógræktarnámskeið sem hluta af námi í deildum skólanna en á Egilsstöðum verður skógræktarnámið sérstök braut sem útskrifar nemendur með framhaldsskólamenntun í skógrækt eftir tveggja ára nám.

Að auki hefur náttúrufræðilínu

skólans verið breytt þannig að lögð er áhersla á náttúrufræði sem tengist skógrækt og tveir bóklegir skógræktar-áfangar verða valnám til stúdentsprófs á línunni.

Tveggja ára skógræktarbrautin byggist á grunnnámi þar sem lögð er áhersla á náttúrufræði og kennt er grunnnámskeið í skógrækt. Einnig eru haldin verkleg námskeið í samvinnu við Skógrækt ríkisins og Héraðsskóga. Nemendur verða líka að ljúka verknámi í skógrækt áður en þeir útskrifast af skógræktarbrautinni.

Sigurður Blöndal fyrrverandi

skógræktarstjóri kennir skógræktar-áfangann en hann hefur einna besta reynslu skógfræðilærðra í kennslu í faginu hér á landi og hefur m.a. kennt skógrækt við bændaskólana og Garðyrkjuskóla ríkisins, auk þess að kenna gróðurfélagsfræði við Háskóla Íslands.

Sigurður er um þessar mundir að ljúka gerð námsefnis í skógrækt fyrir grunnnámskeið menntaskólans.

Nánari upplýsingar um námið fást hjá áfangastjóra Menntaskólans á Egilsstöðum.

Skógræktarritið 1993

Skógræktarritið 1993, ársrit Skógræktarfélags Íslands, kom út í október. Að þessu sinni er ritið 127 bls. og í því 20 sjálfstæðar greinar, prýddar fjölda litmynda og teikninga.

Má þar nefna grein um innfluttar trjá- og runnategundir til landgræðslu, en þar er fjallað um hvaða eiginleika landgræðsluplanta þarf til að bera og nokkrar nýjar tegundir nefndar til skjalanna.

Önnur merkileg grein fjallar um kynbætur á lerki, en nýlega hófst starfsemi á því sviði og munum við innan fárra ára eignast harðgerðan íslenskan lerkistofn sem verður betur aðlagður íslensku loftslagi. Foreldrar

„lerki-Íslendinganna“ eru valin úrvalstré „lerki-innflytjenda“ sem vaxa í lerkiskógum, mestmegnis á Fljótsdals-heraði og Norðurlandi.

Mjög gagnlegar greinar eru í ritinu um hvernig flytja á stór tré og um ræktun skjólbelta. Þær ættu að koma ræktunarfólki að góðum notum.

Nú þegar jólin eru ekki langt undan er vert að nefna að í ritinu birtist að þessu sinni mjög ítarleg grein um jólatré og jólagreinar. Í henni er m.a. fjallað um notkun jólatrjáa hér á landi, innflutning, íslenska framleiðslu, helstu tegundir, ræktun þeirra og eiginleika, kostnað við framleiðslu og að síðustu arðsemi jólatrjáaráræktar.

Afmælisrit Skf. S.-Þingeyinga

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga gaf út sérstakt afmælisrit í tilefni af 50. afmæli félagsins nú í ár.

Ritið er 40 bls., litprentað og allt hið veglegasta. Í ritinu eru tíu sjálfstæðar greinar sem fjalla um skógrækt í sýslunni. Fjöldi litmynda prýða ritið og í opnu er litprentað kort af Fossselsskógi, sem er aðalathafnasvæði félagsins.

Fjallað er m.a. um sögu félagsins og nokkrar undirdeildir þess. Bændaskógum og landgræðsluskógum í sýslunni eru gerð skil og einnig er í ritinu grein um skógræktarskilyrði á starfssvæði félagsins.

Ritið var gefið út í 2.250 eintökum og dreift á öll heimili í sýslunni. Þeir sem áhuga hafa á að eignast ritið geta haft samband við Hjört Tryggvason, ritara félagsins, í síma 96-41238 eða skrifstofu Skf. Íslands.

Skógvernd og skógrækt í nýtingu lands

Hér er um að ræða rit sem Sigurður Blöndal fyrrum skógræktarstjóri skrifar um skógrækt og skógvernd frá svölítið öðru sjónarhorni en vant er.

Fjallað er um hvernig nýting skóglendanna hefur breyst frá því að vera mikilvægur þáttur í sjálfsþurftarbúskap bændasamfélagsins í það að vera eftirsóttur liður í lífsmáta borgarsamfélags nútímans. Einnig lýsir Sigurður því hvernig möguleikar til skógræktar hafa aukist á síðustu

árum vegna samdráttar í búskap. Nokkuð er um skýrgreiningar á skógfræðilegum hugtökum sem þarft er að hafa í huga og einnig er birt mjög greinagott yfirlit um lagaramma og félagskerfi skógræktar hér á landi.

Í heild gefur ritið góða yfirsýn yfir stöðu skógræktar, ekki bara í landnýtingu, heldur einnig hin ýmsu skógræktarverkefni sem verið er að vinna að og undir hvers konar skógrækt þau flokkast.

Útgefandi ritsins er Sigurður Blöndal.

Úttekt á lerkigróðursetningum Héraðsskóga

Héraðsskógar heitir nytjaskógræktarverkefnið á Fljótsdalshéraði. Það er án efa stærsta sjálfstæða skógræktarverkefnið hér á landi og gróðursetning á vegum Héraðsskóga nemur um 1,4 millj. plantna á ári.

Nú hafa Héraðsskógamenn látið gera úttekt á lerkigróðursetningum síðastliðinna tveggja ára og gefið út skýrslu þar sem birtar eru niðurstöður úttektarinnar.

Sigrún Sigurjónsdóttir, skógtækni-fræðingur og núverandi skógfræðistúdent, var fengin til að framkvæma úttektina og skrifa skýrslu um hana.

Á árunum 1991-92 gróðursettu Héraðsskógar tæpar 2,4 millj. lerki-

plantna, en markmið úttektarinnar var að meta ástand og þéttleika gróðursetninganna og vinnubrögð við útplöntun.

Helstu niðurstöður skýrslunnar eru að mjög lítið frávik var í fjölda plantna á ha frá því sem stefnt var að, sem var 2.500 og 3000 pl./ha. Afföll í gróðursetningum voru að meðaltali 20% sem verður að teljast mjög vel við unandi. Á jarðunnum svæðum voru afföllin minni, eða um 15% að meðaltali. Athyglisverð uppgötvun er að svo virðist sem einhver hluti plantnanna brotni í sundur við rótarhál þegar þeim er plantað. Nefnir Sigrún að efasemdir séu m.a. í Noregi um ágæti

plöntustafsins sem gróðursetningaráhalds og ástæða sé til að reyna fleiri verkfæri, s.s. plönturörið, sem er mjög vinsælt gróðursetningarverkfæri í Svíþjóð og Finnlandi.

Skýrslan er í heild mjög vel unnin bæði efnislega og aðferðafræðilega. Úttektin verður Héraðsskógum gott veganesti og með árangurinn mega þeir vel við una. Úttektir af þessu tagi eru mjög lærdómsríkar og ættu að vera fastur liður í skógræktarstarfi sem flestra.

Þeir sem áhuga hafa á skýrslunni hafi samband við Héraðsskóga, í síma: 97-12184.

Skógræktarritið, tilvalin jólagjöf í ári!

Vandað tímarit,
þar sem á ítarlegan og aðgengilegan hátt er
fjallað um skógfræðileg efni.
Ritið kemur út einu sinni á ári.

Gerist áskrifendur!

Skógræktarfélag Íslands, Ránargötu 18,
101 Reykjavík, sími: 91-18150

Laufblaðið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands.
2. árgangur, 2. tölublað,
desember, 1993.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Ritstjóri: Arnór Snorrason.

Prentun: Prentsmiðjan Edda.

Gefið út í 7 þúsund eintökum.

***Eftirtaldir aðilar styrktu útgáfu þessa blaðs og óska
landsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.***

*Skógrækt ríkisins
Hitaveita Reykjavíkur
Búnaðarbanki Íslands
Héraðsskógar
Hótel Edda, Kirkjubæjarklaustri
Rafmagnsveitur ríkisins
Djúpavogshreppur
Garðabær
Hótel Húsavík
Landgræðslusjóður
Fuji-umbodið Ljósmyndavörur
Njarðvíkurbær
Prentsmiðjan Edda hf.
Siglufjarðarbær
Skinney hf.
Stétt hellusteypa
Templarahöll Reykjavíkur
Tímaritið Gróandinn
Vestmannaeyjabær
Ölfushreppur
Ora hf.
Ásbjörn Ólafsson hf.
Bílaleigan ALP
Frjó hf.
Garðyrkjufélag Íslands
Hofshreppur
Húsgagnahöllin
Kjósarhreppur
Oliufélagið hf. - ESSO
Gróðrarstöðin Gleym-mér-ey
Borgarnesbær
Hans Petersen hf.
Kópavogsbær*

*Landsbankinn
Áburðarverksmiðja ríkisins
Einar J. Skúlason hf.
Skeljungur hf.
Garðyrkjustjórinn í Reykjavík
Blómaval
Ellingsen
Hitaveita Suðurnesja
Ísól hf.
Landsvirkjun
Morgunblaðið
Penninn
Reyðarfjarðarhreppur
Skaftárhreppur
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis
Sveinn Jónsson og Haukur
Gunnarsson,
lökkiltir endurskoðendur
Ungmennafélag Íslands
Vöruflutningamiðstöðin hf.
Kexverksmiðjan Frón
Keflavíkurbær
Barri hf.
Endurvinnslan hf.
Gámar hf.
Hagkaup
Hríseyjarhreppur
Kjalarneshreppur
Nýherji hf.
Búnaðarfélag Íslands
Hafnarfjarðarbær
Ferðafélag Íslands
Höfðahreppur
Akur hf.*

